til laga um verðtoll á glysvarningi.

Flutningsm.: Pjetur Ottesen.

1. gr.

Af allskonar munum, sem eigi eru ætlaðir til nauðsynlegra vjela eða verkfæra, úr gulli og gullblendingi, silfri og silfurblendingi, eir og eirblendingi, kopar og koparblendingi og eftirlíkingum af þessum málmum, svo sem allskonar skrautnálum, hálsmenjum, hringum, festum, úrum o. fl., hvort sem munir þessir eru skreyttir með öðrum efnum, steinum eða eftirlíkingum af steinum, hverju nafni sem nefnast og til hverrar notkunar, sem ætlaðir eru, svo og af allskonar gimsteinum og steinum og steinlíkingum, er ætlaðir eru til skrauts, skal greiða í ríkissjóð 20% af innkaupsverðinu.

2. gr.

Eigi mega póststofur eða afgreiðslumenn skipa, eða aðrir, er hlut eiga að máli, afhenda vörur þessar fyrr en móttakandi sýnir innkaupsreikning vörunnar, og beri hann með sjer kvittun innheimtumanns fyrir tollgreiðslunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og fellur jafnframt niður vörutollur af framantöldum vörum.

Greinargerð.

Eins og nú er komið með útgjöld ríkissjóðs, verður eigi hjá því komist að afla honum tekna, svo sem kostur er á. Að stofna til mikilla árlegra útgjalda, sem eigi er hægt að sjá farborða á annan veg en með dýrum lánum, verður að telja miður gætilega fjármálastefnu.

Aldrei hefir eins og einmitt nú á þessu þingi orðið að reyna á þolrif þjóðarinnar með skattaálögum, og hefir orðið að gera fleira en gott þykir í þeim efnum. Helstu úrræðin hafa verið að bæta á gömlu tekjustofnana.

Þeir tollar, sem þegar á þessu þingi hafa verið lagðir á á þennan hátt, nema nú orðið, eftir því sem áætlað er, um 1300000 kr. á fjárhagstímabilinu.

Í viðbót við þetta eru nú alveg nýlega fram komin tvö ný tekjuaukafrumvörp, og fer annað þeirra fram á að hækka vörutollinn enn á ný um 50%.

Með frumvarpi þessu er farið fram á það að breyta vörutollinum, sem nú er á vörum þessum, í verðtoll. Vörutollur sá, sem fengist hefir á þessum varningi, hefir ekki numið neinu verulegu, en með þeirri breytingu, sem hjer er gerð, mundi einmitt af þessum varningi mega fá allmiklar tekjur í ríkissjóð.

Og um toll af þessum varningi, þó allhár sje, er það að segja, að hann er rjettlátur, að svo miklu leyti, sem hægt er að segja það um nokkurn toll.

Þeir munir, sem frumvarpið ætlast til að komi undir verðtollinn, eru margir hverjir mjög dýrir, og það er alkunnugt, að mjög mikið er lagt á slíkan varning, og mundi tollsins því gæta minna í útsölunni.

Það er náttúrlega ekki hægt að segja neitt ákveðið um það, hvað þessi breyting mundi hækka tollinn, en það er víst, að innflutningur á þessum varningi hefir stórum aukist hin síðari árin, en eins og áður er tekið fram, hefir vörutollsins sama sem einskis gætt á þessum vörum.